

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Breyting á deiliskipulaginu Arnarnesland - Akrar.

Breytingin varðar lóð nr. 3 við Góðakur og felst í því að ytri byggingarreitur fyrir útbyggingar á lóðinni stækkar. Leyft verður að byggja 74% flatarmáls útbyggingarreits í stað 50% áður. Einnig er heimilt að þakskyggni nái út fyrir útbyggingarreit.

Breyting á deiliskipulagi Flata.

Breytingin varðar lóð nr. 28 við Smáraflöt og felur í sér að leyft verður að byggja við eða byggja hús á einni hæð með kjallara, enda leyfi halli í landi það. Útstigi má ná út fyrir byggingarreit.

Deiliskipulagsbreytingar þessar hafa fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagsbreytingarnar öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 5. september 2008.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 19. september 2008